



Berist til fyrirliða deildarliða

Reykjavík, 7. nóvember 2011

Keilusamband Íslands minnir á að í öllum mótum sem haldin eru á vegum KLÍ eða samþykkt eru af KLÍ, eða í svokölluðum A-mótum gilda ákveðnar reglur um reykingar, tóbaksnotkun, klæðaburð keppenda og notkun farsíma auk fleiri atriða sem koma fram í reglugerðum. Keppendur eru hér með minntir á að fara eftir þessum reglum svo að ekki komi til refsinga.

Í kafla III – Keilumót, Reglugerð KLÍ um keilumót segir:

„12. grein

Reykingar

Í mótum (sem KLÍ heldur eða viðurkennir) er öll notkun tóbaks bönnuð. Tóbaksbannið hefst við upphitun. Þegar unglingar eru að æfa eða keppa í keilusal skal gilda reykingabann áhorfenda (samanber reglur ÍSÍ).

18. grein

Búningar

Allir leikmenn liðs skulu vera í eins keppnistreyjum af sama lit og sömu gerð. Karlar skulu vera í síðbuxum af sama lit og sömu gerð, en konur mega vera í síðbuxum, pilsum eða stuttbuxnadressi af sama lit og sömu gerð.

Dómari skal veita hverjum þeim leikmanni áminningu sem ekki fylgir þessu ákvæði.

Í A-mótum, sem og öllum mótum sem sjónvarpað er frá, er óheimilt að leika í gallabuxum. Sé einhver þannig klæddur að ósæmilegt megi teljast, getur mótstjóri/dómari bannað honum að keppa, nema ráðin sé bót á því.

20. grein

Notkun farsíma í og við leikmannasvæði á meðan keppni stendur er óheimil.“

Sjá nánar í lögum og reglugerðum Keilusambands Íslands á heimasíðu sambandsins
<http://www.kli.is/upplýsingar/log/>